

---

Eftirfarandi kvæði orti Valgerður Kristjánsdóttir, Flakkari no. 221, eftir Vestfjarðaferðina í sumar. Valgerður býr á Blönduósi, en það er augljóst af lestri þessa kvæðis að hún er Vestfirðingur í húð og hár, því þar má lesa áthagaást og angurværð úr hverri setningu.

☪ Vestfjarðaferð Flakkara sumarið 1994 ☪

Í Vestfjarðaferð við förum  
og flökkum í hóp með stæl.  
Veður er kyrrt með kjörum  
og kreppir ei skó að hæl,  
þeirra sem faglega flakka  
og ferðast húsbílum í.  
Við höldum úr hlaði að heiman,  
mitt hafid er sumarfrí.

Um hádegi á heidi er runnið,  
Hólmavík - Djúpmannabúið.  
Lækirnir hjala og hoppa  
hlíðunum grænum úr.  
Þú sækir í fortíð sögur,  
sést nú í Kaldalón.  
Þar fjallahlíðin er fögur  
og fannhvítan gefur tón.

Æðey og Vigur sjást vestar,  
þar vænt þótti undir bú.  
Jökulfirðirnir fjarri,  
fækkað hefir þar nú  
fólki, en fortíð geymir  
þess forna barátuhug.  
Tryggðina og trúna á landið,  
þess tjáning, ráðsnilld og dug.

Bolungarvík er að baki,  
berumst við nú að þeim  
firði og fjöllum öllum,  
er föðmuðu æskuheim.  
Þau eru öll þarna ennþá  
með opinn faðm handa mér.  
Finnurðu ei líka úr fjarlægð,  
hve fagna þau líka þér.

Á Hólmavík héðan skal haldið  
og hafa þar næturstað.  
Ég veit ei hvort fæ ég því valdið  
vel því að koma á blað,  
sem ferðalagið mér færir  
í fang til að móða úr.  
Það er fjarska margt fallegt að skoda  
fyrir Flakkara í Vestfjarðatúr.

Vestfirðir hugann hefja  
æ hærra og örara slær,  
hjartað og endurómar  
æsku sem nú er fjær.  
Hún vaknar og vitjar mín aftur  
og veldur trúlega því,  
að yfir mig kemur kraftur  
er kemst ég vestur á ný.

Logn er á láði og legi  
og ljómandi sól um allt.  
Firdirnir spegla fjöllin  
færð í sitt græna skart.  
Yfir gnæfir svo Gláma,  
getur nokkuð svo frít.  
Gleynnum ei þeim sem gefur  
geislandi veðrið blít.

Við Dynjandisfoss þú dvelur  
og dásamar landið þitt.  
Fossim hann faðmar fjallið  
og fegurð þess gefur sitt  
einstaka útlit - og úðinn  
sem alltaf vökvar sitt blóm,  
syngur og sætt getur svæft þig  
með sætum fossbúans róm.

---

Þú skoðar vikur og voga,  
sem varða hér fjarðanna strönd.  
Þú finnur þær fáar sem þessar,  
þó farir um ókunn lönd.  
Látrabjarg líf þess og sögu  
ljómi stafar þar af,  
er bændur í hjargið sigu  
svo bærust æ sjómenn í kaf.

Við Breiðafjörð búsæld við sjáum,  
blasir þar eyjammergð við.  
Þar höfðingjar heim að sækja  
og hafa gjarnan þann sið  
að gleðja og sinna gestum,  
gott er að minnast þess.  
Þar rigndi, en við héldum hópinn,  
hlægjandi, kát og hress.

Nú er félagar ferð senn að baki,  
finnurðu eí saknaðarheim ?  
Ég hugsa er heim þú kemur,  
höndum takir þú tveim,  
frétt um að ferðumst við aftur  
í félagsskap líkum þeim,  
er í Vestfjarðaferðina fóru.  
Farsæla og góða ferð heim,  
hve fagna þau líka þér.

---

**Hafið þið heyrt um sótarann sem vann bara svarta vinnu ?**

---